


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 6		
Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05)		
Námsáætlun (Haustönn, 2019)		

Kennari	Kristjana Pálsdóttir	Sk.st.	KPÁ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinnur nemandi á síðasta námsári lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt sinni braut. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang verkefna. Krafist er vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna verkefnið og ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og taki ábyrgð á eigin námi.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda
- ólíkum rannsóknaraðferðum
- raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna
- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

Leikniviðmið:


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun
- lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli
- vinna úr heimildum samkvæmt viðurkenndum reglum um meðferð þeirra
- beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýnn og skapandi hátt um eigið verkefni

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áræðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun
- greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og virðingu
- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð
- átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf
- vera meðvitaður um styrkleika sína
- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 6	Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05)	Námsáætlun (Haustönn, 2019)

Námsgögn:

Gögn frá kennara gerð aðgengileg á vef áfangans á **Innu**.
Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörg Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. 10. útgáfa frá 2010 (eða síðari). Útgefandi Mál og menning (Forlagið).
 Að einhverju leiti verður námsumhverfið Google classroom notað.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (20. ágúst – 9. september)

Kynninga á áfanga. Fræðsla og verkefnavinna tengd ábyrgri gagnaöflun og gæðum heimilda. Nemendur fá kynningu á og kennslu í helstu rannsóknaraðferðum ásamt ritgerðasmið og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang slíkra rannsókna. Unnið að þróun rannsóknarspurningar/efnisyrðingar sem nemendur vinna verkefnið sitt út frá. Tekin verða einstaklingsviðtöl í upphafi annar þar sem nemendur ræða m.a. um áhugasvið sitt. Nemendum verða kynnt vönduð vinnubrögð s.s. við gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga.

2. Lota (10. september – 28. nóvember)

Framkvæmd verkefnis. Nemendur mæta í kennslustundir og vinna undir leiðsögn umsjónarkennara. Formleg viðtöl verða tvisvar sinnum í þessari lotu, þar sem nemendur standa standa skil á drögum (sjá tímasetningar á Innu).


Skila á heildarútgáfu lokaverkefnis 1. nóvember (í lok viku 44) – viðtal við fagkennara í kjölfar þess, nemendur hafi frumkvæði af þeim fundi.

Í framhaldinu vinna nemendur úr athugasemdum og skila lokaútgáfu verkefnisins fimmtudaginn 28. nóvember. Athugið að skila skal verkefninu bæði útprentuðu og á rafrænu formi í gegnum Turn it in á Innu.

3. lota (28. nóvember – 5. desember)


Undirbúningur fyrir kynningu á lokaverkefni sem verður 6. desember.

Æskilegt er að nemendur vinni tveir og tveir saman að lokaverkefni.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 6	Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05) Námsáætlun (Haustönn, 2019)	

Nánara yfirlit yfir skiladaga og yfirferð:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefnaskil
34	18. - 24. ágúst	Kynning á áfanga, kynning á heimildaöflun - verkefni	Skila tímaverkefnum
35	25. - 31. ágúst	Ritgerðavinna og rannsóknir - verkefni	Skila tímaverkefnum
36	1. - 7. september	Viðtöl og heimildaöflun	Skila rannsóknarspurningu, heimildalista og tímaáætlun.
37	8. - 14. september	Vinna verkefnis	
38	15. - 21. september	Vinna verkefnis	19. september. Hlutaskil til fagkennara Skila efnisgrind og því sem nemur 2 blaðsíðum af texta. Þeir sem vinna að rannsókn skili rannsóknáætlun. Verkefnaskil fara í gegnum Innu. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.
39	22. - 28. september	Vinna verkefnis	
40	29. sept - 5. október	Vinna verkefnis	Skila 4 bls á Innu.
41	6. - 12. október	Vinna verkefnis	
42	13. - 19. október	Vinna verkefnis	Skila 6 bls á Innu.
43	20. - 26. október	Vinna verkefnis	


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 6	Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05)	
	Námsáætlun (Haustönn, 2019)	

44	27. - október - 2. nóvember	Vinna verkefnis	1. nóvember Heildarútgáfa til fagkennara - skila heildarverki til fagkennara. Verkefnaskil fara í gegnum Innu. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.
45	3. - 9. nóvember	Vinna verkefnis - viðtöl	
46	10. - 16. nóvember	Vinna verkefnis - viðtöl	
47	17. - 23. nóvember	Vinna verkefnis	
48	24. - 30. nóvember	Vinna verkefnis	Lokaskil lokaverkefnis 28. nóvember. Nemendur skili bæði útprentuðu verki og á Innu.
49	1. - .6. desember	LOKAVERKEFNADAGUR 6. DESEMBER	Nemendur kynna verkefni sín og svara spurningum varðandi þau.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 5 af 6	Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05) Námsáætlun (Haustönn, 2019)	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input checked="" type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokaverkefni	Eftirtaldir þættir eru metnir til einkunnar: <ul style="list-style-type: none"> • Fræðileg umfjöllun • Aðferðir • Framkvæmd • Úrvinnsla • Meðferð heimilda • Uppsetning 		60%
Kynning	Kynning og vörn verkefnisins á lokaverkefnadegi		20%
Hlutaskil til fagkennara	19. september. Skila efnisgrind og því sem nemur 2 blaðsíðum af texta. Þeir sem vinna að rannsókn skili rannsóknáætlun. Verkefnaskil fara í gegnum Innu. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.		5%
Fyrsta heildarútgáfa til fagkennara	1. nóvember Skila heildarverki til fagkennara. Verkefnaskil fara í gegnum Innu. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.		5%
Önnur hlutaverkefni	Tímaverkefni 4 og 6 bls. skil Rannsóknarspurning, tímaáætlun og heimildalisti.		10%
Samtals:			100%
<p>Annað: Kennsluvefur Innu verður notaður til þess að halda utan um námsefni, einkunnir, markmið og annað slíkt. Þá notum við Turn it in á Innunni við verkefnaskil. Einnig verður Google Classroom notað að einhverju leiti.</p>			

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Lokaverkefni brautar (LOVE3SR05) Námsáætlun (Haustönn, 2019)	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 6 af 6		

Athugið að nemendur verða að skila verkefninu „Hlutaskil til fagkennara“ 19. september til þess að fá að halda áfram í áfanganum. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.

Að sama skapi verða nemendur að skila verkefninu „Fyrsta heildarútgáfa til fagkennara“ 1. nóvember, til þess að halda áfram í áfanganum. Skili nemandi ekki þessum verkefnaskilum á réttum tíma telst hann hafa sagt sig úr áfanganum.

Þá þarf nemandi að ná að lágmarki 4.5 í einkunn fyrir lokaverkefnið til þess að vetrareinkunn taki gildi.

Að öðru leiti gilda reglur VMA um verkefnaskil.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggur kennari áherslu á að þeir sýni sjálfstæði, ábyrgð, samvirkusemi og sjálfsstjórn í áfanganum.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils